

afplánist hún í einföldu fangelsi í 7 mánuði. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Seddon G. Y. 991, skal upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað málsins.

Málið hefir verið rekið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Frederick Rippin, greiði 20200.00 krónur í sekt til landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella í einföldu fangelsi í 7 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Seddon G. Y. 991, skal upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. október 1938.

Nr. 53/1938. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Sigurjóni Jóhannessyni

(Einar B. Guðmundsson)

og

Magnúsi Norðdal

(Garðar Þorsteinsson).

Tveir bifreiðarstjórar sektaðir og sviptir ökuleyfi vegna ölvunar við akstur.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta var í héraði höfðað gegn hinum kærðu, sem báðir eru bifreiðarstjórar, fyrir brot gegn lögum um notkun bifreiða nr. 70/1931 og áfengislögum nr. 33/1935.

Að því er varðar sök kærða Sigurjóns er eftirfarandi upplýst með eigin játningu hans og framburðum vitna. Sunnudaginn 27. júní 1937 kl. um 1.30 e. h. byrjaði hann að aka fólksflutningsbifreið um Siglufjörð. Nokkru síðar tók hann að neyta áfengis. Fyrst kveðst hann hafa farið heim með manni nokkrum og drukkið hjá honum tvö staup af brennivíni. Síðan hafi hann fengið hálfflösku af brennivíni hjá manni þessum og haft hana með sér, er hann ók þaðan aftur. Hafi hann síðan drukkið úr hálfflösku þessari, annaðhvort í bílnum eða heima hjá sér. Um kl. 5 hitti hann meðkærðan Magnús, tók hann í bifreiðina og ók með hann eitthvað um bæinn. Síðan ók hann með Magnús heim til manns þess, er hann hafði fengið brennivínið hjá fyrr um daginn, og fékk hann nú hjá honum rúman pela af brennivíni. Kveðst hann hafa haft þetta áfengi með sér út í bifreiðina, en ekki muna, hvað af því hafi orðið, eða hvort þeir Magnús hafi drukkið það. Eftir þetta hafi þeir ekið eitthvað um bæinn, en síðan heim til meðkærðs Magnúsar. Átti Magnús þar flösku með brennivíni, og neyttu þeir af því þar heima, en er þeir fóru þaðan aftur, tók Magnús með sér brennivín á hálf-flösku. Óku þeir síðan enn um bæinn, og var kærði Sigurjón jafnan við stýrið. Kl. á 10. tímanum um kvöldið ók hann bifreiðinni út af veginum, og varð að fá aðstoð til þess að koma henni upp á veginn aftur. Virðist akstri Sigurjóns þá hafa verið lokið þann dag. Hann hefir játað, að hann hafi verið með áhrifum áfengis við aksturinn, og mörg vitni hafa borið, að þau hafi séð á honum áhrif áfengis í þetta skipti. Eitt vitni kveður hann hafa verið ölvaðan, og annað vitni kemst svo að orði, að hann hafi verið það fullur, að hann hafi „slangslað til“. Virðist fram-

burður vitna þessara vera í samræmi við það, sem upplýst er um áfengisneyzlu kærða Sigurjóns.

Um kærða Magnús er þess getið hér að framan, að hann kom í bifreiðina til kærða Sigurjóns kl. um 5 e. h. nefndan dag, og var hann síðan með honum, unz bifreiðinni var ekið út af veginum. Fór hann þá og náði í vörubifreið, er hann átti, og ætlaði að aka henni á stað þann, þar sem hin bifreiðin fór út af veginum, en áður en hann komst þangað, sá hann, að önnur bifreið var komin til aðstoðar, og sneri hann þá heim aftur. Ók hann ekki bifreið í þetta skipti annað en það, sem hér var sagt. Hann hefir neitað því, að hann hafi fundið á sér áfengisáhrif í þetta skipti, því að áður en hann ók bifreiðinni, hafi hann aðeins neytt eins staups af brennivíni heima hjá sér. Þetta er þó ekki unnt að taka trúanlegt, því að fjöldi vitna hefir borið og staðfest með eiði, að þau hafi séð kærða Magnús á tímanum frá kl. um 7 og til kl. að ganga 10 umræddan dag, og hafi hann þá verið áberandi ölvaður. Hafi hann haft drykkjumannalátæði og yfirbragð og reikað í gangi.

Brot hinna kærðu, sem lýst er hér að framan, varða við 4. mgr. 5. gr. laga nr. 70/1931 og 1. mgr. 21. gr. laga nr. 33/1935, og, að því er kærða Magnús varðar, einnig við 3. mgr. nefndrar 21. gr. Þykir refsing kærða Sigurjóns samkvæmt 14. gr. laga nr. 70/1931 og 39. gr. laga nr. 33/1935 hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 14 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá ber og, með því að hér er um ítrekað brot að ræða á ákvæðum 4. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 70/1931, að dæma kærðan Sigurjón til að missa ökuleyfi sitt æfilangt.

Refsing kærða Magnúsar þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi samkvæmt þar nefndum laga- greinum 100 króna sekt til rikissjóðs og svipting ökuleyfis í 6 mánuði. Komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Í þinghaldi 28. júní 1937 getur dómari þess, að hann svipti kærðan Magnús ökuleyfi fyrst um sinn, en ekki er þess getið síðar í prófunum né í hinum áfrýjaða dómi, hvort eða hvenær honum hafi verið afhent ökuskirteinið aftur, og hafa ekki komið fram upplýsingar um það hér fyrir rétti. Þykir því verða að ákveða, að kærður Magnús skuli sviptur ökuleyfi sínu um 6 mánaða tíma frá lögbirtingu dóms þessa, en þó svo, að frá sé dreginn sá tími, er hann nú þegar hefir verið sviptur leyfinu vegna umrædds brots.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma kærða Magnús til þess að greiða málsvarnarlaun talsmanns síns í héraði, kr. 20.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, kr. 75.00, og kærðan Sigurjón til að greiða málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns síns fyrir hæstarétti, kr. 75.00. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 90.00, ber hinum kærðu að greiða in solidum.

Við rannsókn og meðferð máls þessa er það að athuga, að ýms vitni, sem borið hafa á annan veg en þann, er hinir kærðu hafa viljað viðurkenna að rétt væri, hafa verið eiðfest án samprófunar við hina kærðu, og að þeir eru ekki kvaddir til að hlýða á eiðvinningu vitnanna, heldur er þeim skipaður talsmaður. Verður þó ekki annað séð af prófum málsins en að auðvelt hefði verið að ná í hina kærðu,

samprófa þá við vitnin og láta þá síðan sjálfa hlýða á eiðvinningu þeirra. Þá er ekki tilgreint í forsendum né niðurstöðu dómsins, frá hvaða tíma kærði Magnús skuli sviptur ökuleyfi sínu. Loks skortir að mestu leyti lýsingu á málavöxtum í hinn áfrýjaða dóm, og dómurinn ber það með sér að öðru leyti, að ekki hefir verið gætt nauðsynlegrar vandvirkni við samningu hans.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Sigurjón Jóhannesson greiði 200 króna sekt til rikissjóðs, og komi 14 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal hann og sviptur æfilangt rétti til að aka bifreið.

Kærði Magnús Norðdal greiði 100 króna sekt til rikissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal hann og sviptur rétti til að aka bifreið í 6 mánuði frá lögbirtingu dómsins, þó þannig, að frá skal dreginn sá tími, sem hann kann nú þegar að hafa verið sviptur ökuleyfi vegna brots þessa.

Kærði Magnús greiði talsmanni sínum í héraði, Jóni Sigurðssyni lögfræðingi, 20 krónur í málsvarnarlaun, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 75.00. Kærði Sigurjón greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Einars

B. Guðmundssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 75.00. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns kr. 90.00, greiði hinir kærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðarkaupstaðar 13. sept. 1937.

Það er sannað í málinu bæði með vitnaframburði og játningu kærðs, að kærður Sigurjón Jóhannesson hafi verið ölvaður við bifreiðaaakstur á götum bæjarins 27. júní s. l. Hinsvegar hefir meðkærður Magnús Norðdal með öllu neitað slíku, en með vitnisburði nokkurra vitna er sannað, að Magnús Norðdal hafi líka verið ölvaður við bifreiðaaakstur á götum Siglufjarðar téðan dag.

Verður því að telja, að báðir hinna kærðu (sic) hafi gerzt brotlegur við 5. og 14. gr. bifreiðalaganna 70/1931 og 21. gr. áfengislaganna 33/1935 samber 39. gr. þeirra laga.

Kærður Magnús Norðdal hefir eigi áður sætt refsingu af hálfu þess opinbera, en meðkærður Sigurjón Jóhannesson, sem hefir ekki mætt við rekstur málsins, hefir nokkrum sinnum verið sektaður fyrir ölvun á almannafæri og tvisvar verið sektaður fyrir brot á bifreiðalögnum og með hæstaréttardómi 14/12 1928 sektaður fyrir ölvun við bifreiðaaakstur og til sviptingar bifreiðarökuleyfis í eitt ár.

Álíz refsingin fyrir kærðan Magnús Norðdal hæfileg 100.00 kr. sekt í rikissjóð, sem aflánist með 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dómsins, en auk þess greiði kærður skipuðum talsmanni sínum, Jóni Sigurðssyni lögfræðing, 20.00 kr. í málskostnaðarlaun og að auki allan kostnað sakarinnar að öðru leyti in solidum við kærðan Sigurjón Jóhannesson, refsing hins síðarnefnda álíz hæfileg 150.00 kr. sekt í

rikissjóð, er afplánist með 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dómsins. Svo greiði kærður ásamt in solidum meðkærðum allan kostnað sakarinnar, nema málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns Magnúsar Norðdals.

Fyrir því dæmist kærður til sviptingar bifreiðarskirteinis, Magnús Norðdal í 6 mánuði, en Sigurjón Jóhannesson í 18 mánuði.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Sigurjón Jóhannesson bifreiðarstjóri í Reykjavík sæti 150.00 kr. sekt í rikissjóð, er afplánist með 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa, og hafi fyrirgert rétti sínum til bifreiðaaksturs um 18 mánaða skeið frá 17. (sic) júní s. l. að telja.

Magnús Norðdal sæti 100.00 kr. sekt í rikissjóð, sem afplánist með 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa, og hafi fyrirgert rétti sínum til bifreiðaaksturs um 6 mánaða skeið.

Auk þess greiði báðir hinna kærðu (sic) allan kostnað sakarinnar, nema 20.00 kr. málsvarnarlaun til Jóns Sigurðssonar, sem Magnús Norðdal greiðir einn.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.